

ÍV sjóðir hf.  
Verðbréfasjóður ÍV  
Fjárfestingarsjóður ÍV  
Ársreikningur 2015

ÍV sjóðir hf.  
Strandgötu 3  
600 Akureyri

Kt. 491001-2080

# Efnisyfirlit

---

## A-hluti

<b>Ársreikningur ÍV sjóða hf. ....</b>	<b>1</b>
Efnisyfirlit .....	2
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	6
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Sjóðstremisýfirlit .....	9
Skýringar .....	10
Stjórnarháttayfirlýsing 2016 .....	14

## B-hluti

<b>Ársreikningur Verðbréfasjóðs ÍV .....</b>	<b>17</b>
Rekstrarreikningur .....	18
Efnahagsreikningur .....	20
Yfirlit um breytingar á hlutdeildarskírteinum ..	22
Yfirlit um fjárfestingar .....	24
Skýringar .....	28
<b>Ársreikningur Fjárfestingasjóðs ÍV.....</b>	<b>33</b>
Rekstrarreikningur .....	34
Efnahagsreikningur .....	36
Yfirlit um breytingar á hlutdeildarskírteinum ..	38
Yfirlit um fjárfestingar .....	40
Skýringar .....	42

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi félagsins og framsetning ársreiknings

ÍV sjóðir hf. annast rekstur Verðbréfasjóðs ÍV, Fjárfestingarsjóðs ÍV, Veðskuldabréfasjóðs ÍV fagfjárfestisjóðs og Burðarás fagfjárfestisjóða. Félagið er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. og hluti af samstæðureikningi félagsins.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins og B-hluta sem inniheldur ársreikninga verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestisjóða sem voru í rekstri félagsins á árinu. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

## Eignaraðild

Hlutfélagið í árslok 2015 nam 16,0 millj. kr. Hluthafar eru tveir eins og í árslok 2014. Eignarhlutur hluthafa er eftirfarandi:

	Kennitala	Nafnverð	Hlutdeild
Íslensk verðbréf hf. ....	610587-1519	15.960.000	99,75%
Tækifæri hf. ....	631299-2299	40.000	0,25%

## Afkoma og helstu atriði úr rekstri félagsins

Á aðalfundi sem haldinn var 30. apríl 2015 var nafni félagsins breytt í ÍV sjóðir hf. Á fundinum voru Arnbjörg Sigurðardóttir, Ingvar Már Gíslason og Jón Steindór Árnason kjörin í stjórn.

Umfang rekstrar jókst á árinu. Hreinar rekstrartekjur ársins námu 174,4 millj. kr. samanborið við 160,4 millj. kr. árið áður. Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu 2015 að fjárhæð 7,0 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi.

Eigið fé félagsins í árslok 2015 nam 50,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall félagsins reiknað samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nam 11,1% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.

Ársverk á reikningsárinu voru fjögur. Í árslok 2015 störfuðu hjá félaginu fjórir starfsmenn.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2016 vegna rekstrarársins 2015. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

## Starfsemi sjóða

Í árslok 2015 annaðist félagið rekstur 16 sjóða, þar af voru tveir sjóðir í slitaferli.

Eignir í stýringu námu í árslok 36.725 millj. kr., en þann 31. desember 2014 námu þær 27.984 millj. kr.

Á árinu var nöfnum tíu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða sem félagið starfrækir breytt.

Félagið starfrækir fimm sjóði sem eingöngu fjárfesta í skuldabréfum og innlánnum. Ávöxtun sjóðanna var almennt góð í samanburði við sambærilega sjóði. ÍV Skammtímasjóður, sem fjárfestir að meginstefnu í innlánnum, gekk mjög vel og fór stærð sjóðsins úr rúmum 6,0 milljörðum kr. í ársbyrjun í tæpa 13,5 milljarða kr. í árslok. Stærð annarra sjóða í rekstri ÍV sjóða hf., sem fjárfesta í skuldabréfum og innlánnum, dróst aðeins saman á árinu og nam stærð þeirra 7,1 milljarði kr. í árslok en var rúmlega 8,0 milljarðar kr. í ársbyrjun.

Félagið rekur þrjá sjóði sem fjárfesta í hlutabréfum. Tveir sjóðir fjárfesta í erlendum hlutabréfum og hlutabréfasjóðum og markaðist ávöxtun þeirra á árinu af lækunum á erlendum mörkuðum á síðari hluta ársins og styrkingu íslensku krónunnar. Reglum Hlutabréfasafns ÍV var breytt um mitt ár og var nafni sjóðsins á sama tíma breytt í ÍV Hlutabréfavitölusjóður. Eftir breytinguna er sjóðnum stýrt í samræmi við hlutabréfavitölu sem þróuð hefur verið af Íslenskum verðbréfum og endurspeglar innlenda hlutabréfamarkað. Rekstur ÍV Hlutabréfavitölusjóðs gekk vel á árinu enda urðu miklar hækkningar á verði innlendra hlutabréfa. Heildarstærð sjóða sem fjárfesta í hlutabréfum nam tæpum 4,3 milljörðum kr. í árslok en var rúmlega 3,4 milljarðar kr. í ársbyrjun.

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

---

Tveir blandaðir sjóðir eða eignastýringarsjóðir voru í rekstri félagsins á árinu og skiluðu þeir ásættanlegri ávöxtun miðað við fjárfestingarheimildir. Heildarstæð þessara sjóða nam tæpum 1,5 milljörðum kr. í árslok sem er óveruleg breyting frá árinu á undan.

ÍV sjóðir hf. starfræktu fjóra fagfjárfestastjóði á árinu. Á árinu var lokið við skráningu skuldabréfs í kauphöll sem gefið er út af Veðskuldabréfasjóði ÍV en sjóðurinn fjármagnar sig með útgáfu skuldabréfa og hlutdeildarskírteina. Félagið starfrækir þrjú fagfjárfestastjóði í samstarfi við Kvikubanka hf.

Á árinu var unnið að þróun nokkurra afurða sem munu líta dagsins ljós á árinu 2016 gangi áætlanir eftir. Stjórn ÍV sjóða hf. samþykkti undir lok árs stofnun þriggja nýrra fjárfestingarsjóða sem hefja munu starfsemi á fyrri hluta ársins 2016. Umræddir sjóðir eru ÍV Kredit, ÍV Stokkur og ÍV Eignasafn III.

Í byrjun október 2008 voru sett neyðarlög um fjármálamarkaði. Bankahrunið og þróun á fjármálamarkaði hefur haft viðtæk áhrif í viðskiptalífínu sem hefur leitt til verulegrar óvissu um raunvirði margra verðbréfa og niðurfærslu á eignum sjóða í vörslu félagsins sem eru í slitaferli. Eignir sjóða í slitaferli eru metnar á upplausnarvirði en við mat á þeim hefur ekki verið tekið tillit til atburða eftir árslok 2015. Það mun taka tíma að meta endanleg áhrif hrunsins.

Tveir sjóðir, Peningamarkaðssjóður ÍV og Skuldabréfasjóður ÍV, eru í slitaferli í samræmi við tilmæli frá Fjármálaeftirlitinu frá 17. október 2008. Eignir sjóða í slitaferli verða greiddar til eigenda hlutdeildarskírteina í takt við hlutfallslega eign þeirra í sjóðunum eftir því sem þær innheimtast eða eru seldar. Ekki hefur verið greitt til eigenda hlutdeildarskírteina í sjóðunum á árinu.

### Stjórnarhættir

ÍV sjóðir hf. leggur höfuðáherslu á heiðarleika og óhæði í starfsemi sinni. Félagið starfrækir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu (fagfjárfestastjóði).

Hvað varðar stjórnarhætti fylgir félagið eftir fremsta megni svokölluðum „Stjórnarháttum fyrirtækja“ sem er leiðbeiningarit sem kom fyrst út árið 2004 í samstarfi Viðskiptaráðs Íslands, Kauphallar Íslands og Samtaka atvinnulífsins. „Stjórnarhættir fyrirtækja“ hafa að geyma leiðbeiningar um innleiðingu á ákveðnum vinnureglum, umfram það sem kveðið er á um í lögum. Þeim er meðal annars ætlað að styrkja innviði fyrirtækja og auka traust almennings á starfsemi þeirra. Í kjölfar efnahagskreppunnar, sem hófst með bankahruninu á haustdögum 2008, voru „Stjórnarhættir fyrirtækja“ endurskoðaðar og innihalda nú bæði fleiri og ítarlegri ákvæði en fyrri leiðbeiningar. Ritnið er nú aðgengilegt í 5. útgáfu frá 1. júní 2015, á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands <http://www.vi.is>.

Hér að neðan er að finna nánari upplýsingar um einstaka þætti í stjórnarháttum ÍV sjóða hf.

Ekki er nauðsynlegt að hlýta leiðbeiningum Viðskiptaráðs o.fl. um stjórnarhætti í einu og öllu. Gera skal þó grein fyrir þeim frávikum sem fyrir hendi eru, svokölluð „comply or explain“ regla. Með vísan til þessa er hér með gerð grein fyrir eftirfarandi frávikum:

- Vikið er frá gr. 1.1.2. um að auglýsa aðalfundi á vefsíðu félagsins, helst tveimur mánuðum fyrir lok reikningsárs. ÍV sjóðir hf. er lítið félag með fáa hluthafa og því ekki talið nauðsynlegt að fylgja þessari reglu.
- Félagið telur ekki þörf á því að skipa sérstaka tilnefningarnefnd þar sem einn hluthafi fer með 99,75% hlutfjár í félaginu.
- Stjórn skilgreinir ekki sérstaklega mikilvægustu verkefni sín eins og kveðið er á um í gr. 2.4.1. Ekki talið nauðsynlegt vegna smæðar félagsins og einfaldleika. Stjórn hefur þó sett sér starfsreglur sem hún fer eftir.
- Stjórn hefur ekki sett sér skriflegar reglur um siðferði og samfélagslega ábyrgð sbr. gr. 2.9.1. Félagið leggur þó mikið upp úr góðu siðferði og samfélagslegri ábyrgð í störfum sínum og endurspeglast það í starfs- og verklagsreglum félagsins. Þá styrkir félagið umhverfi sitt og samfélag nær og fjær, hvetur starfsfólk til hreyfingar og tólmstunda og umræðu um samfélagsmál.

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

---

- Félagið eða stjórn hefur ekki gert sérstaka starfslýsingu fyrir stjórnarformann líkt og kveðið er á um í gr. 3.1.1.
- Fjallað er um störf stjórnar í starfsreglum stjórnar. Stjórn skiptir með sér verkum. Vegna smæðar félagsins og einfaldleika hefur ekki verið talin þörf á sérstakri starfslýsingu fyrir stjórnarformann.
- Félagið telur ekki þörf á því að skipa sérstaka endurskoðunarnefnd sbr. gr. 5.3. vegna eðlis og umfangs starfseminnar.
- Félagið telur ekki þörf á því að skipa sérstaka starfskjaranefnd sbr. gr. 5.4. vegna eðlis og umfangs starfseminnar.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu félagsins <http://www.ivsjodir.is>.

### Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar ÍV sjóða hf. er árshlutareikningur félagsins í samræmi við gildandi lög og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og gefur glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins á árinu 2015.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt reikning félagsins og sjóðanna fyrir árið 2015 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Akureyri, 23. mars 2016.

Í stjórn félagsins:

Austjón Sigurðsson  
Lugun Guðlaugsson  
Jón J. Arnarson

Framkvæmdastjóri:

Jóni Ólafi Þorsteinssoni

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa ÍV sjóða hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ÍV sjóða hf. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn skiptist í tvo hluta, A-hluta sem er fyrir rekstrarfélagið sjálft og B-hluta sem er fyrir Verðbréfasjóð ÍV, Fjárfestingarsjóð ÍV, Veðskuldabréfasjóð ÍV fagfjárfestasjóð og Burðarás fagfjárfestasjóði. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir rekstrarfélagið. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hlutdeildarskírteinum, yfirlit um fjárfestingar, yfirlit um reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir Verðbréfasjóð ÍV, Fjárfestingarsjóð ÍV, Veðskuldabréfasjóð ÍV fagfjárfestasjóð og Burðarás fagfjárfestasjóði.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2015, efnahag þeirra 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Við staðfestum einnig í samræmi við ákvæði 104. gr. laga nr. 3 2006 um ársreikninga að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 23. mars 2016.

Enor ehf

Davíð Búi Halldórsson  
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur árið 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrartekjur</b>			
Umsýsluþóknun .....		171.342	157.811
Fjármunatekjur .....	3	<u>3.095</u>	<u>2.585</u>
		Heildartekjur	160.396
Fjármagnsgjöld .....	3	<u>0</u>	<u>( 1 )</u>
		Hreinar rekstrartekjur	<u>160.395</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	4	54.346	40.890
Þjónustugjöld til Íslenskra verðbréfa hf. ....		86.871	80.076
Annar rekstrarkostnaður .....		24.483	24.766
Afskriftir .....		<u>0</u>	<u>1.167</u>
		Rekstrargjöld	<u>146.899</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		<u>8.738</u>	<u>13.496</u>
Tekjuskattur .....	9	<u>( 1.751 )</u>	<u>( 2.703 )</u>
<b>Hagnaður ársins</b> .....	7	<u><u>6.987</u></u>	<u><u>10.793</u></u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
<b>Eignir</b>			
<b>Verðbréf</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	5	359	389
Verðbréf samtals		<u>359</u>	<u>389</u>
<b>Kröfur</b>			
Viðskiptakröfur á sjóði .....	13	21.013	18.414
Kröfur samtals		<u>21.013</u>	<u>18.414</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	6	10	0
Handbært fé .....		59.053	48.197
Aðrar eignir samtals		<u>59.063</u>	<u>48.197</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>80.435</u></u>	<u><u>67.000</u></u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		16.000	16.000
Lögbundinn varasjóður .....		4.000	4.000
Óráðstafað eigið fé .....		30.716	23.730
Eigið fé samtals	7	<u>50.716</u>	<u>43.730</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....	9	0	184
Skuldbindingar samtals		<u>0</u>	<u>184</u>
<b>Aðrar skuldir</b>			
Skuld við móðurfélag .....	13	7.229	5.746
Skuld við tengda aðila .....	13	6.369	2.753
Tekjuskattur til greiðslu .....	9	1.935	2.898
Aðrar skammtímaskuldir .....		14.185	11.690
Aðrar skuldir samtals		<u>29.719</u>	<u>23.087</u>
Skuldir samtals		<u>29.719</u>	<u>23.271</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>80.435</u></u>	<u><u>67.000</u></u>





# Skýringar

## 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur ÍV sjóða hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

Félagið er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. Umsýslubóknun

Félagið fær umsýslubóknun fyrir rekstur Verðbréfasjóðs ÍV, Fjárfestingarsjóðs ÍV og Burðarás fagfjárfestasjóða og reiknast bóknunin sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs. Félagið fær umsýslubóknun fyrir rekstur Veðskuldabréfasjóðs ÍV fagfjárfestasjóðs og reiknast bóknunin sem fast hlutfall af skuldbindingu sjóðsfélaga við sjóðinn. Bóknunin innifelur meðal annars laun starfsmanna rekstrarfélagsins, stjórnarlaun, markaðskostnað og umsýslu við rekstur sjóðanna.

### b. Viðskiptakröfur á sjóði

Viðskiptakröfur eru færðar á kostnaðarverði og eru þær vegna ógreiddrar umsýslu sjóða B-hluta ÍV sjóða hf. í árslok 2015.

### c. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í óskráðum félögum eru færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsvirði sé það talið lægra og er þessari reglu beitt á heildarsafn slíkra eigna í eigu félagsins en ekki einstök bréf.

### d. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## 3. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2015	2014
Vaxtatekjur .....	3.125	2.273
Verðbreytingar á verðbréfum .....	( 30 )	312
Vaxtagjöld .....	0 ( 1 )	
	<u>3.095</u>	<u>2.584</u>

## Skýringar frh.:

### 4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2015	2014
Laun .....	42.812	32.512
Áfallið orlof, breyting .....	504	10
Launatengd gjöld .....	8.398	6.360
Fjársýsluskattur .....	2.632	2.008
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>54.346</u>	<u>40.890</u>

Fjöldi starfsmanna að meðaltali á árinu. .... 4 3

Greidd laun til stjórnenda greinast þannig :	2015	2014
Jón Helgi Pétursson, framkvæmdastjóri .....	14.460	13.796
Arnbjörg Sigurðardóttir, stjórnarformaður .....	1.800	1.600
Anton Benjamínsson, fyrrverandi stjórnarmaður .....	300	800
Ingvar Már Gíslason, stjórnarmaður .....	900	800
Jón Steindór Árnason, stjórnarmaður .....	600	0

Stjórnendur fengu ekki greidd hlunnindi á árinu 2015. Ekki er í gildi kaupaukakerfi hjá félaginu.

Greiðslur til endurskoðenda á árinu námu 4,1 millj. kr. þar af voru 1,4 millj. kr. vegna innri endurskoðunar.

### 5. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréfaeign með breytilegum tekjum greinist þannig:

	Hlutabréf	Hlutdeildar- skírteini verðbréfasjóða	Samtals 31.12.2015	Samtals 31.12.2014
Óskráð verðbréf .....	180	179	359	389
	<u>180</u>	<u>179</u>	<u>359</u>	<u>389</u>

### 6. Eignarhlutir í öðrum félögum

Félagið stofnaði ásamt móðurfélagi sínu félagið ÍV fjárfestingar hf. þann 8. maí 2015. Eignarhlutur félagsins er 0,10% í ÍV fjárfestingum hf., að nafnverði 10 þús. kr.

## Skýringar frh.:

### 7. Eigið fé

Hlutafé félagsins nam 16,0 millj. kr. í árslok 2015. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2015 .....	16.000	4.000	23.730	43.730
Hagnaður ársins .....	0	0	6.987	6.987
Eigið fé 31.12.2015 .....	16.000	4.000	30.716	50.716

Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nam 11,1% í árslok 2015. Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	31.12.2015	31.12.2014
Heildar eigið fé .....	50.716	43.730
Eiginfjárgrunnur samtals .....	50.716	43.730
Heildar eiginfjárfkrafa skiptist þannig:		
Útlánaáhætta .....	2.655	2.275
Eiginfjárfkrafa .....	2.655	2.275
Eiginfjárfkrafa miðað við 25% af föstum rekstrarkostnaði .....	36.433	36.433
Eiginfjárgrunnur umfram eiginfjárkröfu .....	14.283	7.297
Eiginfjárlutfall .....	11,1%	9,6%

Samkvæmt 2. mgr. 84 greinar laga nr. 161/2002 eru rekstrarfélög verðbréfasjóða undanþegin mati á rekstraráhættu við útreikning á eiginfjárgrunni. Samkvæmt 9. mgr. 84 gr. sömu laga skal eiginfjárgrunnur aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta reikningsárs. Þar sem fjárhæð sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði er hærri en samanlögð útlána- og markaðsáhætta, þá er hún notuð sem eiginfjárfkrafa við útreikning á eiginfjárlutfalli.

### 8. Hluthafar:

Eftirfarandi hluthafar eiga umfram 1% hlutfjár í félaginu:

Nafn	Land	Eignarhlutur	Raunverulegir eigendur
Íslensk verðbréf hf. ....	Ísland	99,75%	

Enginn hluthafi í Íslenskum verðbréfum hf. á eignarhlut sem nemur 10% eða meira af hlutafé í Íslenskum verðbréfum hf.

## Skýringar frh.:

### 9. Tekjuskattsskuldbinding

	31.12.2015	31.12.2014
Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:		
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	184	379
Tekjuskattur ársins .....	1.751	2.703
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári .....	( 1.935 )	( 2.898 )
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	<u>0</u>	<u>184</u>
Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig:		
Viðskiptakröfur .....	0	184
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	<u>0</u>	<u>184</u>

### 10. Skattamál

Félagið er samskattað með móðurfélagi sínu Íslenskum verðbréfum hf.

### 11. Eignir í stýringu

Heildarfjárhæð eigna viðskiptamanna í eignastýringu hjá sjóðum ÍV sjóða hf. í árslok 2015 nam 36,7 milljörðum kr. samanborið við 28,0 milljarða kr. í árslok 2014.

### 12. Breyting á nöfnum sjóða

Á stjórnarfundum félagsins þann 3. júní 2015 var samþykkt að breyta nöfnum tíu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. FME staðfesti nafnbreytinguna 6. júlí 2015.

#### Eldra nafn

Alþjóðlegur hlutabréfasjóður  
Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa  
Skammtímasjóður ÍV  
Sparisafn ÍV  
Skuldabréfasafn ÍV  
Hlutabréfasafn ÍV  
Erlent hlutabréfasafn  
Eignastýringarsafn ÍV-I  
Eignastýringarsafn ÍV-II  
Ríkisskuldabréfasjóður ÍV

#### Nýtt nafn

ÍV Alþjóðlegur hlutabréfasjóður  
ÍV Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa  
ÍV Skammtímasjóður  
ÍV Sparisafn  
ÍV Skuldabréfasafn  
ÍV Hlutabréfavísitölusjóður  
ÍV Erlent hlutabréfasafn  
ÍV Eignasafn I  
ÍV Eignasafn II  
ÍV Ríkisskuldabréfasjóður

### 13. Tengdir aðilar

#### Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar félagsins teljast vera hluthafar, sjóðir í umsjón félagsins, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra eigu.

Stöður og viðskipti við tengda aðila eru eftirfarandi:	31.12.2015	31.12.2014
Verðbréfaeign með breytilegar tekjur .....	179	209
Hlutabréfaeign .....	10	0
Skammtímakröfur .....	21.013	18.414
Skammtímaskuldir við tengda aðila .....	13.598	8.498
<b>Viðskipti á árinu:</b>	<b>2015</b>	<b>2014</b>
Sala á þjónustu .....	171.342	157.811
Fjármunatekjur og breyting á virði hlutdeildarskírteina .....	( 30 )	312
Kaup á þjónustu .....	96.471	89.676

# Stjórnarháttayfirlýsing

---

ÍV sjóðir hf. leggur höfuðáherslu á heiðarleika og óhæði í starfsemi sinni. Félagið starfrækir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu (fagfjárfestasjóði).

Hvað varðar stjórnarhætti fylgir félagið eftir fremsta megni svokölluðum „Stjórnarháttum fyrirtækja“ sem er leiðbeiningarit sem kom fyrst út árið 2004 í samstarfi Viðskiptaráðs Íslands, Kauphallar Íslands og Samtaka atvinnulífsins. „Stjórnarhættir fyrirtækja“ hafa að geyma leiðbeiningar um innleiðingu á ákveðnum vinnureglum, umfram það sem kveðið er á um í lögum. Þeim er meðal annars ætlað að styrkja innviði fyrirtækja og auka traust almennings á starfsemi þeirra. Í kjölfar efnahagskreppunnar, sem hófst með bankahruninu á haustdögum 2008, voru „Stjórnarhættir fyrirtækja“ endurskoðaðar og innihalda nú bæði fleiri og ítarlegri ákvæði en fyrri leiðbeiningar. Ritið er nú aðgengilegt í 5. útgáfu frá 1. júní 2015, á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands <http://www.vi.is>.

Hér að neðan er að finna nánari upplýsingar um einstaka þætti í stjórnarháttum ÍV sjóða hf.

## Frávik frá leiðbeiningum Viðskiptaráðs o.fl. um stjórnarhætti

Ekki er nauðsynlegt að hlýta leiðbeiningum Viðskiptaráðs o.fl. um stjórnarhætti í einu og öllu. Gera skal þó grein fyrir þeim frávikum sem fyrir hendi eru, svokölluð „comply or explain“ regla. Með vísan til þessa er hér með gerð grein fyrir eftirfarandi frávikum:

- Vikið er frá gr. 1.1.2. um að auglýsa aðalfundi á vefsíðu félagsins, helst tveimur mánuðum fyrir lok reikningsárs. ÍV sjóðir hf. er lítið félag með fáa hluthafa og því ekki talið nauðsynlegt að fylgja þessari reglu
- Félagið telur ekki þörf á því að skipa sérstaka tilnefningarnefnd þar sem einn hluthafi fer með 99,75% hlutfjár í félaginu.
- Stjórn skilgreinir ekki sérstaklega mikilvægustu verkefni sín eins og kveðið er á um í gr. 2.4.1. Ekki talið nauðsynlegt vegna smæðar félagsins og einfaldleika. Stjórn hefur þó sett sér starfsreglur sem hún fer eftir.
- Stjórn hefur ekki sett sér skriflegar reglur um siðferði og samfélagslega ábyrgð sbr. gr. 2.9.1. Félagið leggur þó mikið upp úr góðu siðferði og samfélagslegri ábyrgð í störfum sínum og endurspeglast það í starfs- og verklagsreglum félagsins. Þá styrkir félagið umhverfi sitt og samfélag nær og fjær, hvetur starfsfólk til hreyfingar og tólmstunda og umræðu um samfélagsmál.
- Félagið eða stjórn hefur ekki gert sérstaka starfslýsingu fyrir stjórnarformann líkt og kveðið er á um í gr. 3.1.1. Fjallað er um störf stjórnar í starfsreglum stjórnar. Stjórn skiptir með sér verkum. Vegna smæðar félagsins og einfaldleika hefur ekki verið talin þörf á sérstakri starfslýsingu fyrir stjórnarformann.
- Félagið telur ekki þörf á því að skipa sérstaka endurskoðunarnefnd sbr. gr. 5.3. vegna eðlis og umfangs starfseminnar.
- Félagið telur ekki þörf á því að skipa sérstaka starfskjaranefnd sbr. gr. 5.4. vegna eðlis og umfangs starfseminnar.

## Starfsemi félagsins og áhættuþættir

ÍV sjóðir hf. hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 161/2002 sem rekstrarfélag verðbréfasjóða. Félagið rekur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði skv. lögum nr. 128/2011. Félagið er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. Hjá félaginu starfa nú fjórir starfsmenn í fullu starfi.

Félagið lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Áhættustýring og virkt innra eftirlit er mikilvægt í starfsemi félagsins. Regluvörslu og áhættustýringu er útviðað til Íslenskra verðbréfa hf. skv. sérstökum samningi þar um. Innri endurskoðun er útviðað til KPMG. Regluleg upplýsingagjöf er til stjórnar um framangreind atriði.

## Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

---

### Stjórn og framkvæmdastjóri

Stjórn ÍV sjóða hf. er skipuð þremur mönnum og tveimur til vara. Þeir eru kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega, um 12 sinnum á ári. Auk stjórnar situr framkvæmdastjóri fundina. Framkvæmdastjóri sér um að taka saman fundargerð. Stjórnin skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins og getur ein veitt prókúruumboð fyrir félagið. Stjórn félagsins ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Stjórn hefur sett sér starfsreglur þar sem kveðið er ítarlega á um störf hennar, ákvarðanatöku og samskipti stjórnar og framkvæmdastjóra, þá setur stjórn sér starfsáætlun í lok hvers árs fyrir næstkomandi ár. Starfsreglur stjórnar eru birtar á heimasíðu félagsins.

Stjórn hefur ekki framkvæmt árangursmat á störfum sínum.

Stjórnin hefur engar undirnefndir.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að biða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsmenn félagsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins, en hann skal leita samþykkis stjórnar við ráðningu helstu starfsmanna.

### Upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra

**Arnbjörg Sigurðardóttir** fædd árið 1973. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 1993, embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 2004. Hún fékk réttindi sem héraðsdómslögmaður 2007 og sem hæstaréttarlögmaður 2013.

Arnbjörg starfaði sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra frá 2005 til 2007 er hún hóf störf á Lögmannsstofunni ehf. Arnbjörg stofnaði ásamt fleirum lögmannsstofuna Lögmennt Norðurlandi 2014 þar sem hún starfar nú. Hún hefur einnig sinnt stundakennslu í refsirétti við lagadeild Háskólans á Akureyri frá 2008 og var formaður í kærunefnd húsamála (áður kærunefndum fjöleignarhúsamála og húsaleigumála) frá 2009 til 2011.

Arnbjörg hefur setið í stjórn ÍV sjóða hf. frá árinu 2009.

**Jón Steindór Árnason** fæddur árið 1975. Jón Steindór er framkvæmdastjóri fjárfestingafélagsins Tækifæris hf. og starfsmaður Íslenskra verðbréfa hf. Áður en hann kom til starfa hjá Íslenskum verðbréfum starfaði hann hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar, Byr sparisjóði og FME. Hann er M.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri.

Jón Steindór tók sæti í stjórn ÍV sjóða hf. á árinu 2015.

**Ingvar Már Gíslason** fæddur árið 1976. Hann útskrifaðist sem viðskiptafræðingur (B.Sc.) frá Háskóla Íslands árið 2000.

Ingvar starfaði sem rekstrarstjóri Nýja-Bautabúrsins frá árinu 2000 til 2001 og sem forstöðumaður tölvu- og upplýsingakerfa og útflutningsstjóri hjá Norðlenska ehf. frá árinu 2001 til 2004. Frá árinu 2004 hefur hann gengt stöðu markaðsstjóra hjá Norðlenska ehf.

Ingvar tók sæti í stjórn ÍV sjóða hf. á árinu 2011.

## Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

---

**Jón Helgi Pétursson** er framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf. og er fæddur árið 1974. Jón Helgi lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 1994, BS.- prófi frá rekstrarfræðideild Háskólans á Akureyri vorið 1997, MBA í stjórnun frá The University of Hull 1998 og löggildingarnámi í verðbréfamiðlun frá Háskóla Íslands 2001.

Jón Helgi starfaði sem ráðgjafi hjá Rekstri og ráðgjöf Norðurlandi ehf. frá 1998 til 2000 og sem sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Höfðhverfinga frá 2000 til 2005. Hann hóf störf sem framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf. 2005.

Jón Helgi sat í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps 2002-2014 og situr í stjórn Sænes ehf. og Teru ehf. sem eru dótturfélög Grýtubakkahrepps.

### **Samskipti hluthafa og stjórnar**

ÍV sjóðir hf. er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. Til að tryggja óhæði ÍV sjóða hf. er meiri hluti stjórnarmanna félagsins óháður móðurfélaginu. Hluthafar geta hvenær sem er haft samband við framkvæmdastjóra og/eða stjórn ef spurningar vakna í huga þeirra varðandi rekstur félagsins.

Á aðalfundum er farið ítarlega yfir starfsemi félagsins og þar er hluthöfum heimilt að tjá sig um málefni félagsins. Á aðalfundum er farið ítarlega yfir starfsemi félagsins og þar er hluthöfum heimilt að tjá sig um málefni félagsins. Félagið hefur ekki brotið lög, reglur eða tilmæli FME í starfseminni svo vitað sé. Félagið hefur ekki verið dæmt eða verið úrskurðað viðurlög vegna brota á lögum um fjármálafyrirtæki eða öðrum lögum og ekki eru til rannsóknar nein brot hjá opinberum aðilum svo vitað sé.



Verðbréfasjóður ÍV

Ársreikningur  
2015

# Rekstrarreikningur árið 2015

	ÍV Ríkisskulda- Skýr. bréfasjóður	Skuldabréfa- sjóður (ÍV 1)	ÍV Áskriftarsj. ríkisverðbréfa	ÍV Alþjóðlegur hlutabréfasj.
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>				
Vextir, verðbætur, arður og gengismunur .....	121.491	28.010	206.827	( 32.234 )
Vaxtagjöld .....	0	( 1 )		( 202 )
Hreinar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	<u>121.491</u>	<u>28.008</u>	<u>206.827</u>	<u>( 32.436 )</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Umsýslubóknun .....	16.283	450	33.901	36.715
Sölu- og vörslubóknun .....	2.750	200	2.288	5.450
	<u>19.034</u>	<u>650</u>	<u>36.190</u>	<u>42.165</u>
<b>Hagnaður (tap) ársins fært á hlutdeildarskírteini</b>	<u>102.457</u>	<u>27.359</u>	<u>170.637</u>	<u>( 74.601 )</u>

1) Lokað hefur verið fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini í sjóðnum. Sjóðurinn hefur verið settur í slitaferli sem felur það í sér að eignir eru greiddar til hlutdeildarskírteinishafa í takt við hlutfallslega eign þeirra í sjóðnum eftir því sem þær innheimtast eða eru seldar. Ekki er reiknað daglegt innlausnarvirði hlutdeildarskírteina.

ÍV Erlent hluta- bréfasafn	ÍV Sparisafn	ÍV Eignasafn I	ÍV Eignasafn II	Samtals 2015	Samtals 2014
9.078	29.788	43.127	85.252	491.338	797.340
0	0	0	0	( 203 )	( 323 )
<u>9.078</u>	<u>29.788</u>	<u>43.127</u>	<u>85.252</u>	<u>491.134</u>	<u>797.018</u>
3.189	5.534	3.975	2.968	103.016	104.961
497	562	144	654	12.546	10.941
<u>3.687</u>	<u>6.096</u>	<u>4.119</u>	<u>3.622</u>	<u>115.562</u>	<u>115.902</u>
<u>5.391</u>	<u>23.692</u>	<u>39.008</u>	<u>81.630</u>	<u>375.573</u>	<u>681.116</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	ÍV Ríkisskulda- Skýr.	bréfasjóður	Skuldabréfa- sjóður (ÍV 1)	ÍV Áskriftarsj. ríkisverðbréfa	ÍV Alþjóðlegur hlutabréfasj.
<b>Eignir</b>					
Verðbréf með föstum tekjum .....		1.746.191	3.954	2.918.887	0
Hlutdeildarskírteini .....		0	0	0	2.269.678
Hlutabréf .....		0	6.444	0	0
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....		0	0	0	0
Verðbréf samtals		<u>1.746.191</u>	<u>10.398</u>	<u>2.918.887</u>	<u>2.269.678</u>
Handbært fé .....		34.339	50.151	130.573	48.733
Aðrar skammtímakröfur .....		753	261	0	0
Aðrar eignir samtals		<u>35.092</u>	<u>50.413</u>	<u>130.573</u>	<u>48.733</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>1.781.283</u></u>	<u><u>60.810</u></u>	<u><u>3.049.459</u></u>	<u><u>2.318.411</u></u>
<b>Skuldir</b>					
Hlutdeildarskírteini .....	5	<u>1.774.610</u>	<u>60.757</u>	<u>3.041.432</u>	<u>2.294.845</u>
Hlutdeildarskírteini samtals		<u>1.774.610</u>	<u>60.757</u>	<u>3.041.432</u>	<u>2.294.845</u>
Skuld við rekstrarfélög .....		1.595	54	2.623	2.971
Aðrar skammtímaskuldir .....		5.078	0	5.404	20.595
Aðrar skuldir samtals		<u>6.673</u>	<u>54</u>	<u>8.027</u>	<u>23.566</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u><u>1.781.283</u></u>	<u><u>60.810</u></u>	<u><u>3.049.459</u></u>	<u><u>2.318.411</u></u>
Hlutdeildarskírteini .....	5	<u>1.774.610</u>	<u>60.757</u>	<u>3.041.432</u>	<u>2.294.845</u>
Fjöldi eininga .....		<u>503.185</u>	<u>1.661.254</u>	<u>8.664</u>	<u>6.908</u>
Gengi sjóðsbréfa í árslok 2015 .....		<u>3,53</u>	<u>0,04</u>	<u>351,03</u>	<u>332,19</u>

1) Lokað hefur verið fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini í sjóðnum. Sjóðurinn hefur verið settur í slitaferli sem felur það í sér að eignir eru greiddar til hlutdeildarskírteinishafa í takt við hlutfallslega eign þeirra í sjóðnum eftir því sem þær innheimtast eða eru seldar. Ekki er reiknað daglegt innlausnarvirði hlutdeildarskírteina.

ÍV Erlent hluta- bréfasafn	ÍV Sparisafn	ÍV Eignasafn I	ÍV Eignasafn II	Samtals 31.12.2015	Samtals 31.12.2014
0	410.200	363.832	253.886	5.696.950	6.054.377
0	0	348.664	335.609	2.953.951	3.025.618
205.699	0	0	95.270	307.413	263.466
0	40.490	2.433	302	43.225	186.049
<u>205.699</u>	<u>450.690</u>	<u>714.929</u>	<u>685.068</u>	<u>9.001.540</u>	<u>9.529.510</u>
8.533	20.293	39.649	47.153	379.425	672.128
0	0	49	373	1.436	7.015
<u>8.533</u>	<u>20.293</u>	<u>39.698</u>	<u>47.526</u>	<u>380.861</u>	<u>679.143</u>
<u>214.233</u>	<u>470.984</u>	<u>754.627</u>	<u>732.593</u>	<u>9.382.401</u>	<u>10.208.653</u>
213.281	470.444	753.505	731.073	9.339.948	10.184.932
<u>213.281</u>	<u>470.444</u>	<u>753.505</u>	<u>731.073</u>	<u>9.339.948</u>	<u>10.184.932</u>
280	354	351	317	8.546	8.917
671	185	772	1.203	33.908	14.803
<u>951</u>	<u>539</u>	<u>1.123</u>	<u>1.521</u>	<u>42.454</u>	<u>23.721</u>
<u>214.233</u>	<u>470.984</u>	<u>754.627</u>	<u>732.593</u>	<u>9.382.401</u>	<u>10.208.653</u>
213.281	470.444	753.505	731.073		
852	37.233	59.692	48.529		
<u>250,24</u>	<u>12,63</u>	<u>12,62</u>	<u>15,06</u>		

# Yfirlit um breytingar á hlutdeildarskírteinum árið 2015

	ÍV Ríkisskulda- Skýr. bréfasjóður	Skuldabréfa- sjóður ÍV 1)	ÍV Áskriftarsj. ríkisverðbréfa	ÍV Alþjóðlegur hlutabréfasj.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
Hagnaður (tap) ársins fært á hlutdeildarskírteini .....	102.457	27.359	170.637	( 74.601 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>				
Seld hlutdeildarskírteini .....	955.833	0	287.779	575.028
Útgreiðsla til eigenda hlutdeildarskírteina .....	0	0	0	0
Innleyst hlutdeildarskírteini .....	( 811.586 )	0	( 1.150.813 )	( 553.557 )
Fjármögnunarhreyfingar	144.248	0	( 863.034 )	21.470
<b>Hækkun (lækkun) á hlutdeildarskírteinum .....</b>	246.705	27.359	( 692.397 )	( 53.131 )
<b>Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun .....</b>	1.527.906	33.398	3.733.829	2.347.976
<b>Hlutdeildarskírteini í árslok .....</b>	1.774.610	60.757	3.041.432	2.294.845

1) Lokað hefur verið fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini í sjóðnum. Sjóðurinn hefur verið settur í slitaferli sem felur það í sér að eignir eru greiddar til hlutdeildarskírteinishafa í takt við hlutfallslega eign þeirra í sjóðnum eftir því sem þær innheimtast eða eru seldar. Ekki er reiknað daglegt innlausnarvirði hlutdeildarskírteina.

ÍV Erlent hluta- bréfasafn	ÍV Sparisafn	ÍV Eignasafn I	ÍV Eignasafn II	Samtals 2015	Samtals 2014
5.391	23.692	39.008	81.630	375.573	681.116
42.770	154.569	2.327	225.150	2.243.456	888.464
0	0	0	0	0	( 215.776 )
( 36.697 )	( 641.569 )	( 183.733 )	( 86.058 )	( 3.464.014 )	( 2.231.194 )
6.073	( 487.000 )	( 181.405 )	139.091	( 1.220.557 )	( 1.558.506 )
11.464	( 463.309 )	( 142.397 )	220.721	( 844.985 )	( 877.391 )
201.818	933.753	895.902	510.351	10.184.932	11.062.323
213.281	470.444	753.505	731.073	9.339.948	10.184.932

# Yfirlit um fjárfestingar 31. desember 2015

## ÍV Ríkisskuldabréfasjóður

	Markaðsverð	% af hreinni eign
Íbúðabréf .....	1.297.180	73,1%
Ríkisbréf .....	446.922	25,2%
Húsbréf .....	2.089	0,1%
Heildarverðmæti fjárfestinga .....	1.746.191	98,4%
Handbært fé .....	34.339	1,9%
Aðrar eignir og skuldir .....	( 5.920 )	( 0,3%)
Hlutdeildarskírteini samtals .....	1.774.610	100,0%

